| | |
|---|---|
| **Búið til – útg.** | 8. apríl 2021 – 2. útgáfa |
| **Námsgrein** | Íslenska |
| **Titill** | Goðafræði, málsaga og ritun |
| **Skammstöfun** | ÍSLE2BA05 |
| **Viðfangsefni** | Goðafræði, málnotkun og ritun, málsaga |
| **Staða áfanga** | Samþykkt af skóla |
| **Þrep áfanga** | 2 |
| **Einingafjöldi áfanga** | 5 |
| **Lýsing áfanga** | Grunnþættir: Læsi, sköpun. Í áfanganum er lögð áhersla á menningararfinn, bæði bókmenntir og sögu tungumálsins og orðaforðans. Lögð er áhersla á margs konar ritun í tengslum við gamla og nýja texta. Setningafræði er kennd í tengslum við ritun. Kennd verður meðferð heimilda og haldið áfram með byggingu ritgerða. Nemendur þjálfaðir í ritun og endursögn stuttra texta og í að flytja verkefni munnlega í tímum. Unnið með orðaforða íslenskunnar, málvöndun og málstefnu, Gylfaginning, Skáldskaparmál og Völuspá eru lesin í áfanganum og unnið með textana á margvíslegan hátt og þeir tengdir nútímanum. Textar lesnir sem byggja á heimi miðalda. Frumkvæði, ábyrgð og sjálfstæð vinnubrögð eru höfð að leiðarljósi |
| **Forkröfur áfanga** | ÍSLE2BA05 |
| **Þekkingarviðmið** | Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:<br>• bókmenntum og heimsmynd miðalda<br>• málsögu og sögu orðaforðans<br>• grunnatriðum setningafræðinnar<br>• byggingu ritgerða og meðferð heimilda |
| **Leikniviðmið** | Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:<br>• draga saman og nýta upplýsingar úr ýmiss konar heimildum og flétta saman við eigin viðhorf og ályktanir á heiðarlegan hátt<br>• nýta heimildir á réttan hátt við eigin ritsmíðar<br>• nýta hugtök setningafræðinnar til að efla eigin málfærni<br>• flytja af öryggi ræður, endursagnir, lýsingar og kynningar á tilteknum málefnum |

| | |
|---|---|
| **Hæfniviðmið** | Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:<br>• tengja nútímaverk við fornan menningararf, menningarheim og eigin veruleika<br>• styrkja eigin málfærni og nám í erlendum tungumálum, t.d. með því að nýta hugtök setningafræðinnar<br>• skrifa heimildaritgerð<br>• skilja og ræða mikilvægi tungumáls fyrir samfélag og þjóðir |
| **Námsmat** | |